

Vogabú ehf
b.t. Ólafar Þ. Hallgrímsdóttur
Vogum
660 Mývatn

Reykjavík 21. desember 2017
UST201710-105/I.M.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir byggingu móttöku- og biðaðstöðu við Vogafjós við Mývatn

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Ólafar Þ. Hallgrímsdóttur f. h. Vogabús ehf., dagsett 12. október 2017, um framkvæmdaleyfi fyrir byggingu 120 m² móttöku- og biðaðstöðu við Vogafjós innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár.

Mývatn og Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu eru vernduð með lögum nr. 97/2004. Markmið laganna er að er að stuðla að náttúruvernd á Mývatns- og Laxárvæðinu í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun og tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum. Lögin eiga að tryggja verndun líffræðilegrar fjölbreytni á vatnasviði Mývatns og Laxár ásamt verndun jarðmyndana og landslags með virkri náttúruvernd, einkum með tilliti til vísindalegra, félagslegra og fagurfræðilegra sjónarmiða. Leita skal leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmdum sem haft geta áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 17. gr. reglugerðar, nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Umhverfisstofnun skal leita umsagna Náttúruvæðingastöðvarinnar við Mývatn og Náttúrufræðistofnunar Íslands um leyfisumsókn. Samkvæmt 24. gr. sömu reglugerðar skal skólp vera hreinsað með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa í samræmi við ákvæði 2. mgr. 7. gr. reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

Lýsing framkvæmdar:

Sótt er um framkvæmdaleyfi vegna viðbyggingar við Vogafjós í Mývatnssveit. Vogafjós, er fjós með sambyggðum veitingastað sem tekur 90 manns í sæti, tengist stórrí rotþró. Framkvæmdin sem sótt er um leyfi fyrir verður öll innan svæðis sem þegar er raskað.

Sótt er um leyfi til að reisa 120 m² byggingu með 4,53 m mænishæð fyrir móttöku- og biðaðstöðu austan núverandi húss. Samkvæmt grunnmynd af húsinu sem fylgir umsókninni er gert ráð fyrir móttöku, bar, biðaðstöðu og sveitabúð í viðbyggingunni. Fjöldi starfsmanna við byggingarvinnuna verður 1-20 manns á mismunandi tímum eftir framvindu verksins. Ekki er gert ráð fyrir uppsetningu annarra mannvirkja á meðan á framkvæmdum stendur. Gert er ráð fyrir vélavinnu v. jarðvinnslu og uppsteypu. Ekki er þörf á að fara út fyrir vegi eða göngustíga innan verndarsvæðisins vegna framkvæmdanna þar sem þær munu fara fram þar sem núverandi bílastæði er staðsett og er á lóð Vogafjóss.

Með tölvupósti til umsækjanda, dags. 14. nóvember 2017, óskaði Umhverfisstofnun eftir upplýsingum um hvort bygging gestamóttöku og biðsvæðis fyrir gesti leiði til aukningar á þjónustu innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár. Er þá sérstaklega litið til aukningar á persónueiningum vegna skólps. Í svari umsækjanda, sem barst samdægurs, kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir salernum í viðbyggingunni og þ.a.l. ekki aukningu á persónueiningum vegna skólps. Viðbyggingin sé til að bæta aðgengi gesta og vinnuaðstöðu starfsfólks.

Með tölvupósti til umsækjanda, dags. 15. nóvember 2017, óskaði Umhverfisstofnun eftir áætlun frá umsækjanda um hve mikil þjónustuaukning komi til með að verða með framkvæmdunum, þar sem aukin þjónusta leiði yfirleitt af sér aukinn fjölda persónueininga eða rökstuðningi fyrir því að ekki sé um aukna þjónustu að ræða. Í svari umsækjanda, sem barst samdægurs, er ítrekað að ekki sé gert ráð fyrir salernum í viðbyggingunni. Um sé að ræða bætt aðgengi og aðstöðu fyrir bæði gesti og starfsfólk. Ekki sé neitt biðsvæði fyrir gesti sem bíða eftir borðum á veitingastaðnum og því standa þeir á miðju gólfi á meðan beðið er eftir borði. Það sé því ekki gert ráð fyrir fjölgun gesta vegna viðbyggingarinnar og ekki verður um fjölgun borða að ræða. Sú þjónusta sem nú er veitt muni dreifast innan húsnæðisins og bæta upplifun gesta sem verður gert kleift að bíða eftir borði í nýju biðsvæði. Þarna er einnig gert ráð fyrir nýrri og heldur stærri gestamóttöku og mun fara fram mikil upplýsingagjöf til gesta. Gert er ráð fyrir að pláss verði fyrir tvo starfsmenn ef þurfa þykir á háannatímum. Umsækjandi telur að samkvæmt áætlunum sé því ekki gert ráð fyrir fjölgun gesta eða starfsmanna vegna þessarar viðbyggingar og þ.a.l. ekki um aukinn fjölda persónueininga vegna skólps.

Fyrri umsagnir Umhverfisstofnunar:

Umhverfisstofnun hefur veitt umsagnir um deiliskipulagsáætlanir á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og hefur bent á möguleg neikvæð áhrif framkvæmda innan verndarsvæðisins. Fyrirliggjandi umsókn tekur þó aðeins til hluta þess svæðis sem veittar hafa verið umsagnir um. Umhverfisstofnun fékk til umsagnar, þann 8. apríl 2016, tillögu að deiliskipulagi ferðaþjónustusvæðis og frístundabyggðar í landi Voga í Skútustaðahreppi. Í umsögn Umhverfisstofnunar, dags. 6. júní 2016, til skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps segir: „*Að mati Umhverfisstofnunar munu viðbyggingar innan verndarsvæðis hafa áhrif á yfirborð og gróður og dýralíf innan verndarsvæðis og þrengja að útivist innan verndarsvæðis. Umhverfisstofnun tekur því ekki undir að viðbyggingar við landbúnaðarbyggingar hafi eingöngu jákvæð áhrif.*“

Í niðurstöðu Umhverfisstofnunar í sömu umsögn segir: „*Að mati Umhverfisstofnunar eru tiltekna framkvæmdir sem áætlaðar eru í ofangreindu deiliskipulagi neikvæðar, þar sem þær munu raska svæði á verndarsvæði Mývatns og Laxár [...].*“

Einnig segir, um vatnsgæði og fráveitu, í umræddri umsögn: „*Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólps. Í reglugerð nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu er ákvæði í 24. gr. um frárennismál, þar segir: „Skólps á vatnasviðinu skal hreinsað með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa í samræmi við ákvæði 2. mgr. 7. gr. reglugerðar um fráveitur og skólps.“ Reglugerðin um fráveitur og skólps gildir um söfnun, hreinsun og losun skólps frá þéttbýli og tiltekinni atvinnustarfsemi og um atvinnurekstur. Þar af leiðandi skal fráveita frá atvinnustarfsemi s.s. þjónustu við ferðamenn hafa fráveitu er hefur ítarlegri hreinsun skólps en tveggja þrepa.*“

Umhverfisstofnun barst erindi skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyjasveitar og Skútustaðahrepps þann 27. janúar 2017, þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar um tillögu að óverulegri breytingu á nýsamþykktu deiliskipulagi Voga 1. Fólust breytingarnar í því að norðurmörk byggingareits nýs anddyris austan við Vogafjós væri hliðrað til norðurs og leyfileg hámarkshæð viðbyggingar hækkuð úr 4,0 m í 4,52 m. Umhverfisstofnun veitti umbeðna umsögn þann 30. mars 2017, þar sem ekki voru gerðar athugasemdir við breytingarnar. Stofnunin minnti þó á kröfur um ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa og að rekstraraðili ætti að sækja um starfsleyfi fyrir fráveitu til Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra. Deiliskipulagið var samþykkt í sveitarstjórn Skútustaðahrepps þann 8. mars 2017.

Umsagnir umsagnaraðila:

Umhverfisstofnun leitaði umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn um ofangreint framkvæmdaleyfi Vogabús ehf. Umsögn barst Umhverfisstofnun þann 30. október 2017. Í umsögninni segir:

„Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir gögn málsins og gerir ekki athugasemdir við að framkvæmdaleyfi fyrir framangreindri viðbyggingu verði veitt enda telur stofnunin ekki líklegt að umfang, staðsetning eða eðli þeirrar starfsemi sem á að fara fram í umræddri viðbyggingu komi til með að hafa neikvæði áhrif á verndarsvæði Mývatns og Laxár. Í gögnum málsins kemur m.a. fram að ekki er gert ráð fyrir auknu frárennsli vegna viðbyggingarinnar, að hún er samræmi við samþykkt deiliskipulag og að Skipulagsstofnun telur framkvæmdina ekki tilkynningarskylda skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum. „

Umhverfisstofnun leitaði einnig umsagnar Náttúrurannsóknarstöðvarinnar við Mývatn. Umsögn barst Umhverfisstofnun þann 6. nóvember 2017. Í umsögninni segir:

„Þótt stofnunin [Náttúrurannsóknarstöðin við Mývatn] hafi áður bent á almennt gildi þess að halda byggingamagni næst Mývatni í lágmarki, eru ekki gerðar athugasemdir við þessa tilteknu byggingu enda er hún í samræmi við skipulag. Verður að líta á hana sem minni háttar framlengingu á veitingastaðnum Vogafjósi og án skerðinga á útsýni, náttúru eða minjum.“

Með vísan til 10. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, leitaði Umhverfisstofnun umsagnar Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra, um umsókn um leyfi Vogabús ehf. enda hefur heilbrigðisnefndin óskað eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna fráveitumála Vogabús ehf. Hlutverk heilbrigðisnefndar er að fylgja eftir kröfum reglugerðar um fráveitur og skólþ nr. 798/1999. Meðal áhrifavalda framkvæmda á lífríki er nálægð við mikilvæg búsvæði fugla, áhrif þeirra sem bygginguna sækja á nærumhverfi og skólþmengun af völdum frárennslis bygginga. Umsögn heilbrigðisnefndar barst Umhverfisstofnun þann 13. nóvember 2017. Í umsögninni segir: *„Með vísan til fyrri umsagnar HNE þar sem heilbrigðisnefnd hafnaði fyrirhugaðri stækkun á Hótel Reynihlið þar sem gert var ráð fyrir óbreyttri hreinsun skólps þar til önnur lausn verður fundin fyrir þéttbýlið í Reykjahlíð, hafnar heilbrigðisnefnd áformum um stækkun Vogafjóss, án þess að frárennsli þess verði hreinsað með ítarlegri skólphreinsun en tveggja þrepa eða leitt í lokað fráveitukerfi (safnkerfi).“*

Umsækjanda voru sendar ofangreindar umsagnir til umsagnar þann 20. nóvember 2017. Svar barst Umhverfisstofnun þann 22. nóvember 2017. Fer umsækjandi fram á að ekki verði tekið tillit til umsagnar Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra enda lítil rök



fyrir þeirri höfnun, heldur skuli umsagnir Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúrurannsóknarstöðvarinnar við Mývatn hafðar að leiðarljósi við afgreiðslu málsins.

Í umsögn umsækjanda til stofnunarinnar þann 22. Nóvember 2017 er spurt hversu mörg sveitarfélög í landinu uppfylli lög og reglur um frærennismál og hvort allar framkvæmdir annarra sveitarfélaga séu settar á ís og hafnað þar til reglur hafa verið uppfylltar.

Niðurstaða Skipulagsstofnunar:

Skipulagsstofnun hefur metið að framkvæmdir þessar séu ekki tilkynningaskyldar skv. lið 12.05 í 1. viðauka laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun gefur út lista á tveggja ára fresti yfir þau svæði sem veita þarf sérstaka athygli og hlúa sérstaklega að. Á listanum eru greindir styrkleikar, veikleikar, ógnir og tækifæri viðkomandi svæðis. Flokkast svæðin á rauðan lista og appelsínugulan lista. Á hinum fyrnefnda eru svæði sem Umhverfisstofnun telur að séu undir miklu álagi sem bregðast þurfi strax við og er verndarsvæði Mývatns og Laxár talið þar á meðal. Á verndarsvæðinu er mjög fjölbreytt dýralíf, ásamt sérstæðum jarðmyndunum og fjölmörgum mikilvægum vistkerfum. Veikleiki svæðisins er mikill fjöldi ferðamanna sem koma að Mývatni. Hefur svæðið að geyma viðkvæm vistkerfi, t.a.m. búsvæði kúluskíts, samspil rykmýs, fuglalífs, fiska og hornsíla, ásamt jarðhitasvæðum og jarðmyndunum. Þá eru viðkvæm gróðursvæði og viðkvæmar jarðmyndanir innan verndarsvæðisins. Að auki er svæðið á skrá um alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði samkvæmt Ramsarsáttmálanum.

Umhverfisstofnun telur þá framkvæmd sem sótt er um leyfi fyrir í máli þessu ekki líklega til þess að hafa neikvæð áhrif á jarðmyndanir á verndarsvæði Mývatns og Laxár enda mun bygging móttöku- og biðastöðu við Vogafjós hvorki valda frekara raski á hrauni né gróðri innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár, þar sem framkvæmdin er innan raskaðs svæðis.

Í minnisblaði Umhverfisstofnunar til sveitarstjórnar Skútustaðahrepps, skipulags- og byggingarfulltrúa, dags. 7. október 2014, um kröfur um meðferð skólps á svæði Mývatns og Laxár setur Umhverfisstofnun fram þá kröfu að í þéttbýli og frá atvinnustarfsemi sem losar meira en 50 persónueiningar skuli hreinsa skólp með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa. Í rekstrarleyfi Vogabús fyrir Vogafjós, dags. 2. ágúst 2017, er heimild hámarksfjölda gesta 100 gestir. Fram hefur komið að heilbrigðisnefnd Norðurlands svæðis eystra lítur svo á að krafa um ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa eigi við um Vogafjós.

Umhverfisstofnun bendir á að um er að ræða 120 m² stækkun þjónustuaðstöðu. Stofnunin telur að stækkunin sé til þess fallin að auka nýtingu á þjónustu og auka þar með álag á lífríki Mývatns þrátt fyrir að ekki séu skipulögð fleiri salerni í byggingunni. Fyrir liggur í máli þessu að fráveita Vogafjóss uppfyllir ekki skilyrði 24. gr. reglugerðar nr. 665/2012, um að skólp á vatnasviði verndarsvæðis Mývatns og Laxár skuli hreinsað með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa í samræmi við ákvæði 2. mgr. 7. gr. reglugerðar um fráveitir og skólp nr. 798/1999. Heilbrigðisnefnd Norðurlands svæðis eystra hefur veitt Vogafjósi frest til 31. desember 2017 til að skila tímasettri áætlun um úrbætur þar sem fram kemur hvernig og fyrir hvaða tíma rekstraraðili muni tengjast fráveitu sem búin er hreinsivirki sem fullnægir kröfum um ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa eða hvort rekstraraðili muni fremur notast við lokað fráveitukerfi. Ekki liggur fyrir samþykkt úrbótaáætlun vegna

frárennslis Vogafjós. Því liggur ekki fyrir að svo stöddu hvernig umsækjandi mun uppfylla kröfur heilbrigðisnefndar. Fram kemur í umsögn nefndarinnar frá 13. nóvember 2017 að nefndin telji ekki rétt að heimila stækkun Vogafjóss án þess að frárennslis þess verði hreinsað með ítarlegri skólphreinsun en tveggja þrepa eða leitt í lokað fráveitukerfi (safnkerfi).

Umhverfisstofnun bendir á að ákvæði reglugerðar, nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu um hvaða umsagna skuli leitað er ekki tæmandi um skyldur stofnunarinnar til rannsóknar málsins. Stofnuninni er skylt að rannsaka hvert mál í samræmi við atvik hverju sinni sbr. 10. gr. stjórnsýslulaga.

Varðandi samanburð við stöðu frárennslismála í öðrum sveitarfélögum bendir Umhverfisstofnun á að Mývatns- og Laxárvæðið er verndað með sérstökum lögum, er á skrá um alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði samkvæmt Ramsarsáttmálanum og flokkast sem svæði sem stofnunin telur að séu undir miklu álagi. Verndarstaða svæðisins hefur því mikla sérstöðu sem og mat á álagi. Vart er því unnt að bera svæðið saman við önnur sveitarfélög í þessu sambandi.

Umsækjandi vísar til bréfs umhverfis- og auðlindaráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra um skólpál í Mývatnssveit. Umhverfisstofnun lítur svo á að bréf umhverfis- og auðlindaráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra til sveitarstjórnar Skútustaðahrepps, dags. 19. október 2017, varði fjármögnun umbóta í frárennslismálum í Skútustaðahreppi. Umhverfisstofnun telur að í því svari felist ekki afstaða til stækkunar og/eða aukningar þjónustuhúsnæðis á svæðinu.


Niðurstaða:

Í samræmi við framangreint synjar Umhverfisstofnun umsókn um leyfi fyrir byggingu móttöku- og biðaðstöðu við Vogafjós, að svo stöddu. Verði lögð fram ný gögn um ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa vegna frárennslis Vogafjóss getur Umhverfisstofnun tekið málið upp að nýju.


Kæruheimild:

Ákvörðun þessa er hægt að kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 11. gr. laga nr. 97/2004. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærana fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt um, eða mátti vera kunnugt um, ákvörðun þessa.

Virðingarfyllst



Sigrún Ágústsdóttir
sviðsstjóri



Ólafur Arnar Jónsson
sviðsstjóri